



Akraneskaupstaður

1427. fundur bæjarstjórnar verður haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4,
þann 27.1.2026 og hefst kl: 17:00

2601-0923

Dagskrá

1. 2601-0072 - Skammtímadvöl á Vesturlandi

Á 27. fundi notendaráðs þann 7. janúar 2026 var gerð eftirfarandi bókun: Notendaráð lýsir yfir miklum vonbrigðum með þá tillögu meirihluta velferðar- og mannréttindaráðs Akraneskaupstaðar að bæjarfélagið verði dregið út úr fyrirhuguðu samstarfi sveitarfélaga á Vesturlandi og þroskahjálpar um uppbyggingu skammtí mavistunar á Vesturlandi. Samstarf sem að nokkru er að ágætu frumkvæði og mótað af starfsfólki Akraneskaupstaðar. Þarfir þeirra, er slíkri skammtí mavistun þurfa á að halda, eru mjög misjafnar og margvíslegar. Einungis með auknu samstarfi sveitarfélaga og félagasamtaka er hægt að fjölga kostum og nálgast betur þarfir hvers og eins. Skapað í sameiningu tækifæri sem hvert og eitt sveitarfélag getur ekki boðið skjólstæðingum sínum. Þjónusta við fatlað fólk mun og getur aldrei miðast við eitt afmarkað úrræði og/eða staðsetningu eins húss. Að halda slíku fram lýsir mikilli skammsýni og vanþekkingu. Ráðið skorar því á bæjarstjórn Akraness að hafna tillögu meirihluta Velferðar- og mannréttindaráðs og ganga nú þegar að nýju til áður nefnds samstarfs á grundvelli undirritaðrar viljayfirlýsingar. Tryggja þannig að íbúar á Akranesi sitji við sama borð og íbúar nágrannasveitarfélaganna. Ekki síst í ljósi þess að enginn kostur er til staðar í sveitarfélaginu til þeirrar þjónustu sem um ræðir. Jafnframt átelur Notendaráðið þau vinnubrögð Velferðar- og mannréttindaráðs að leita ekki umsagnar og álits Notendaráðs í málinu, ekki síst áður en afgreidd er tillaga um að hverfa frá upphaflegu samstarfi.

2. 2601-0881- Bæjarmálasamþykkt - samþykkt um stjórn og fundarsköp (stjórnskipulagsbreytingar)

Bæjarmálasamþykkt - endurskoðuð og uppfærð. Breytingarnar eru nauðsynlegar vegna breytinga á stjórnskipulagi (skipuriti) Akraneskaupstaðar sem samþykktar voru eftir tvær umræður í bæjarstjórn til samræmis við ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Fyrri umræðan um skipuritsbreytingarnar fór fram þann 9. desember sl. og sú síðari þann 15. janúar sl. þar sem breytingarnar voru samþykktar. Fyrri umræðan um breytingar á bæjarmálasamþykkt Akraneskaupstaðar fór fram þann 9. desember sl. og þá vísað til síðari umræðu í bæjarstjórn.

3. 2601-0713 - Nýtt deiliskipulag Kirkjubraut

Tillaga að nýju deiliskipulagi er lögð fram til auglýsingar fyrir gatnarými við Kirkjubraut og Kalmansbraut. Skipulagssvæðið afmarkast af Merkigerði til suðurs og Esjubraut til norðurs og nær yfir um 2 ha svæði. Tillagan tekur til fyrirhugaðra breytinga á gatnarými við Kirkjubraut og Kalmansbraut og er í samræmi við markmið og stefnu Landskipulagsstefnu og aðalskipulags Akraness. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir Kirkjubraut verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr skipulagslaga nr. 123/2010.

4. 2601-0717 - Breyting á deiliskipulagi Miðbæjarreits - Kirkjubraut

Breyting á skipulagsmörkum vegna nýs deiliskipulags við Kirkjubraut. Tillaga að breytingu lögð fram til auglýsingar. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að tillaga verði auglýst skv. 1. mgr 43. gr skipulagslaga nr. 123/2010.

5. 2601-0716 - Breyting á deiliskipulagi Stofnanareits - Kirkjubraut

Breyting á skipulagsmörkum vegna nýs deiliskipulags við Kirkjubraut. Tillaga að breytingu lögð fram til auglýsingar. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að tillaga verði auglýst skv. 1. mgr. 43. gr skipulagslaga nr. 123/2010.

6. 2601-0715 - Breyting á deiliskipulagi Arnardalsreit - Kirkjubraut

Breyting á skipulagsmörkum vegna nýs deiliskipulags við Kirkjubraut. Tillaga að breytingu lögð fram til auglýsingar. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að tillaga verði auglýst skv. 1. mgr 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

7. 2601-0714 - Breyting á deiliskipulagi Akratorgsreit - Kirkjubraut

Breyting á skipulagsmörkum vegna nýs deiliskipulags við Kirkjubraut. Tillaga að breytingu lögð fram til auglýsingar. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að tillaga verði auglýst skv. 1 mgr 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

8. 2601-0265 - Húsnæðisáætlun 2026

Húsnæðisáætlun 2026 lögð fram til samþykktar.

9. 2601-0731 - Suðurgata 108,110 og 112 - Umsókn til skipulagsfulltrúa

Tillaga um breytingu á deiliskipulagi Sementsreits. Breytingin nær til lóða við Suðurgötu 108, 110 og 112. Hámarkshæð bygginga á umræddum lóðum hækkar úr 6,5 m í 7,2 m. Byggingarmagn á Suðurgötu 110 hækkar úr 230 m² í 245 m² og nýtingarhlutfall hækkar um 0,03, úr 0,49 í 0,52. Bílastæðum verður fjölgað og verða tvö stæði á hverri lóð. Á Suðurgötu 112 færast byggingarreitur til innan lóðar. Heimilt verður að láta útistiga ganga allt að 1,3 m út fyrir byggingarreit innan lóðar. Á lóðamörkum Suðurgötu 112 að leiksvæði C3, samkvæmt uppdrætti. Aðrir skilmálar gildandi deiliskipulags haldast óbreyttir. Grenndarkynnt var frá 8. desember 2025 til og með 12. janúar 2026 fyrir Suðurgötu 106, 107, 109, 111, 113 og 114 í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2012. Engar athugasemdir bárust. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja fyrirbyggjandi breytingu á deiliskipulag Sementsreits, auglýsa í B-deild Stjórnartíðinda og senda Skipulagsstofnun skv. 2. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Allar kostnaður vegna breytingar leggst á lóðarhafa.

10. 2512-5590 - 3616. fundur bæjarráðs

3616. fundur bæjarráðs þann 15. janúar 2026

11. 2601-0710 - 259. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs

259. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs þann 20. janúar 2026

12. 2601-0508 - 277. fundur skóla- og frístundaráðs

277. fundargerð skóla- og frístundaráðs þann 21. janúar 2026.

13. 2601-0718 - 343. fundur skipulags- og umhverfisráðs

343. fundur skipulags- og umhverfisráðs þann 19. janúar 2026

14. 2601-0928 - 167. fundur stjórnar Höfða hjúkrunar- og dvalarheimilis

167. fundur stjórnar Höfða hjúkrunar- og dvalarheimilis haldinn þann 19. janúar 2026

Akranesi, 27. janúar 2026
Haraldur Benediktsson bæjarstjóri

